

Skýrsla

utanríkisráðherra um kosti og galla aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, samkvæmt beiðni.

Með beiðni (þskj. 91) frá Ólafi Ísleifssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um kosti og galla aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þau áhrif sem samningurinn hefur haft hér á landi.

Beiðnin barst utanríkisráðherra upphaflega á 148. löggjafarþingi (478. mál). Með bréfi utanríkisráðherra dags. 30. ágúst 2018 til forseta Alþingis, var óskað eftir því að víkja frá ákvæðum þingskaparlaga hvað varðar skil skýrslunnar, þannig að skipuð yrði ritnefnd fræðimanna og sérfræðinga og þeim veittir allt að tólf mánuðir til skýrslugerðar. Beiðnin var endurflutt á 149. löggjafarþingi (159. mál).

Starfshópur skipaður af ráðherra.

Til að bregðast við beiðninni var skipaður þriggja manna starfshópur 30. ágúst 2018. Í hópinn voru skipuð þau Björn Bjarnason, Kristrún Heimisdóttir og Bergþóra Halldórsdóttir. Starfsmaður hópsins var Pétur Gunnarsson, settur sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu og naut hópurinn einnig aðstoðar Gauks Jörundssonar, lögfræðings, á lokamánuðum starfsins. Hópnum voru með erindisbréfi falin þau verkefni að:

- Taka saman yfirlit um og leggja mat á þann ávinning sem Ísland hefur haft af þátttökunni í EES-samstarfinu og helstu úrlausnarefni sem stjórnvöld hafa tekist á við í framkvæmd EES-samningsins.
- Leggja mat á lagarammann sem hefur verið innleiddur á Íslandi á þeim sviðum sem EES-samningurinn nær yfir, en greina viðskiptalega, efnahagslega, pólitíska og lýðræðislega þætti að auki.
- Líta til þróunar í samskiptum EES/EFTA-ríkja og ESB. Leggja mat á breytingar vegna úrsagnar Breta úr ESB og líta til stöðu samskipta ESB og Svisslendinga.
- Taka mið af þeim skýrslum sem komið hafa út á síðastliðnum árum sem fjalla um samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Einnig gæti hópurinn litið til umfangsmikillar skýrslu Norðmanna sem birt var fyrir sex árum um samband Noregs við ESB.
- Taka saman heimildaskrá um skýrslur og fræðiritgerðir sem tengjast aðild Íslands að EES-samningnum.

Starfshópurinn fékk eitt ár til að vinna skýrsluna og var henni skilað ráðuneytinu nýlega. Starfshópurinn gerði sér far um að safna efni sem hafði verið unnið um efni samningsins og framkvæmd hans og byggja við þær upplýsingar sem lágu fyrir. Starfshópurinn fundaði með fjölmörgum aðilum, bæði fulltrúum víða að úr stjórnsýslunni sem reynslu hafa af framkvæmd EES- mála, með aðilum vinnumarkaðarins og ýmsum hagsmunaaðilum. Þá fór starfshópurinn í vettvangsferðir til Brussel, Vaduz og Ósló til að afla upplýsinga.

Meginatriði skýrslu starfshópsins.

Í skýrslunni er leitast við að setja EES-aðild Íslands í sögulegt samhengi við þróun alþjóðlegrar samvinnu í efnahags- og viðskiptamálum frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Efni

samningsins er lýst og aðferðum við breytingar á viðaukum hans. Farið er í saumana á þróun innlendra stjórnarháttanna með hliðsjón af samningnum. Rakin eru málefna svið samningsins og lýst stofnanakerfi hans. Þá er sagt frá öllum lögum með beina tengingu við samninginn sem Alþingi hefur samþykkt frá 1992 til 2. september 2019 og birtur er útdráttur á stjórnлагаálitum sem hafa verið samin vegna EES-aðildarinnar sem áður hafði verið unnið af forsætisráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu.

Í aðfararorðum skýrslunnar kemur fram að hópurinn hafi leitast við að setjast ekki í dómarasæti um kosti og galla EES-samstarfsins heldur draga fram staðreyndir svo að lesendur skýrslunnar gerðu sjálfir upp hug sinn. Leitast hafi verið við að gera skipulega grein fyrir málum sem reynst hafa flókin og erfið úrlausnar og tengjast EES-aðildinni á einn eða annan hátt. Markmiðið væri að auðvelda stjórnámálumönnum og öllum almenningi að veða og meta réttindi, skyldur og ávinning íslensku þjóðarinnar af EES-aðildinni.

Starfshópurinn telur að við aðildina að EES hafi íslenskt þjóðfélag tekið stakkaskiptum og ítarlegur samanburður á því sem var og væri nú hefði kallað á mun víðtækari úttekt á þróun íslensks samfélags en starfshópurinn hefði haft tök á eða tíma til að gera. Þá er gerð grein fyrir því að allir viðmælendur starfshópsins, aðrir en fulltrúar samtakanna Frjálst land hér á landi og Nei til EU í Noregi, hafi talið EES-samninginn lifa góðu lífi og vera til gagns og ávinnings fyrir þá sem innan ramma hans starfa.

Starfshópurinn telur þó mörg tækifæri til úrbóta þegar kemur að framkvæmd samningsins og setur hann fram 15 tillögur þess efnis. Tillögurnar miða flestar að því að áhersla verði lögð á þau atriði við framkvæmd samningsins sem mestu máli skipta fyrir íslenska hagsmuni og að skerpt verði á faglegri umgjörð um aðild Íslands að samningnum og stjórnsýslu sem honum tengist.

Fylgiskjal.

Skýrsla starfshóps um EES samstarfið

www.althingi.is/alttext/pdf/150/fylgiskjol/r0001-f_I.pdf